


# OECD *Multilingual Summaries*

## OECD-FAO Agricultural Outlook 2018-2027

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/agr\\_outlook-2018-en](https://doi.org/10.1787/agr_outlook-2018-en)

## OECD-FAO: Horfur í landbúnaði 2018-2027

### Útdráttur á íslensku

Ritið Horfur í landbúnaði 2018-2027 er samstarfsverkefni OECD og FAO, tekið saman á grundvelli upplýsinga frá sérfræðingum stjórnvalda aðildarríkjanna og frá stofnunum sem sérhæfa sig í hrávörumálum. Í ritinu er að finna sameiginlegt mat beggja stofnana til tíu ára varðandi horfur í landbúnaðar- og fiskafurðamálum á landsvísi, svæðisvísi og heimsvísi. Í útgáfu þessa árs er að finna sérstakan kafla um horfur og áskoranir í landbúnaði og fiskframleiðslu í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku.

Áratug eftir að matvælavæðing náðu hæstu hæðum á árunum 2007-2008 eru aðstæður á heimsmarkaði fyrir landbúnaðarvörur nú gerbreyttar. Framleiðsla hefur aukist verulega í öllum hrávöruflokkum og metframleiðsla varð árið 2017 á flestum kornvörum, kjöttegundum, mjólkurafurðum og fiskafurðum, jafnframt því sem uppsafnaðar kornbirgðir náðu methæðum. Á sama tíma hefur hægt á aukningu eftirspurnar. Hin aukna eftirspurn á síðasta áratug átti rætur í vaxandi tekjum á mann í Alþýðulýðveldinu Kína (Hér eftir „Kína“), sem kynti undir eftirspurn þar í landi eftir kjöti, fiski og dýrafóðri. Nú er að hægja á þessari aukningu í eftirspurn en ný eftirspurn af öðrum rótum nægir ekki til þess að viðhalda heildaraukningunni. Af þeim sökum er gert ráð fyrir að verð landbúnaðarafurða haldist áfram lágt. Birgðagnóttin veldur því einnig að uppsveifla er ólíkleg í náinni framtíð.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi minnkun eftirspurnar næsta áratug. Líklegt er að aukin fólksfjöldun verði helsti drifkraftur neysluaukningar, þótt raunar sé gert ráð fyrir að hægja muni á fólksfjöldun. Ennfremur er gert ráð fyrir því að neysla ýmissa afurða muni haldast óbreytt á heimsvísi. Þetta á sérstaklega við um undirstöðumatvæli á borð við korn og rótarhnyði, þar sem neysla er við mettunarmörk í mörgum löndum. Aftur á móti er að hægjast á aukningu eftirspurnar eftir kjötvörum vegna breytileika á mataræði milli heimshluta og skorður vegna ráðstöfunartekna heimilanna leika þar einnig hlutverk, en á hinn bóginn er gert ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir dýraafurðum á borð við mjólkurafurðir á komandi áratug.

Að því er varðar korn og olíufræ verður eftirspurn drifin áfram fyrst og fremst af þörf fyrir dýrafóður, en eftirspurn eftir sömu vörum til manneldis fylgir fast á eftir. Mikill hluti eftirspurnarinnar eftir auknu dýrafóðri stafar áfram frá Kína. Engu að síður er gert ráð fyrir að hægja muni á aukningu eftirspurnar eftir dýrafóðri á heimsvísi þrátt fyrir framleiðniaukningu í kvikfjárrækt. Mikið af eftirspurnaraukningunni mun stafa frá heimshlutum þar sem fólksfjöldun er mikil, t.d. í Afríku sunnan Sahara, Indlandi og Mið-Austurlöndum og Norður Afríku.

Gert er ráð fyrir að eftirspurnin eftir kornvörum, jurtaolíu og sykurreyr sem hráefni til framleiðslu lífræns eldsneytis aukist mun hægar en á síðasta áratugi. Líta má til þess að á undanförunum áratug hafði aukin notkun lífræns eldsneytis í för með sér aukna eftirspurn eftir kornvörum og nam aukningin meira en 120 milljónum tonna, en á því tímabili sem þessi spá nær til er aftur á móti gert ráð fyrir að aukningin verði lítil sem engin. Í iðnríkjunum er ekki talið líklegt að gildandi stefnumörkun styðji við frekari aukningu að neinu marki. Frekari aukning eftirspurnar mun því fyrst og fremst stafa frá þróunarlöndum, en í nokkrum þeirra hefur verið mörkuð stefna sem styður við aukna notkun lífræns eldsneytis.

Undantekningar frá hinu almenna mynstri hnignunar í eftirspurn á mann mátti greina í sykri og jurtaolfum. Gert er ráð fyrir að neysla á mann á sykri og jurtaolíu aukist í þróunarlöndum eftir því sem þéttbýlismyndun þar leiðir af sér aukna eftirspurn eftir unnum matvælum og tilbúnum réttum. Breytingar á neyslumagni matvöru og á mataræði benda til þess að hin „þrefalda byrði“ næringarskorts, ofnæringar og vannæringar muni áfram vara í þróunarlöndum.

Gert er ráð fyrir að landbúnaðar- og fiskframleiðsla aukist um u.þ.b. 20% næsta áratuginn, en þó með talsverðum breytileika milli heimshluta. Spáð er öflugum vexti í Afríku sunnan Sahara, suður og austur Asíu og Mið-Austurlöndum og Norður Afríku. Hins vegar er gert ráð fyrir mun minni framleiðsluaukningu í iðnríkjunum, einkum vestur Evrópu. Framleiðsluaukningin mun fyrst og fremst stafa af bættri framleiðni og aukinni hagkvæmni en að hluta af stækkun framleiðslugrunnsins með stækkandi hjörðum og breytingum á beitilandi í ræktarland.

Samfara hægari vexti í neyslu og framleiðslu er gert ráð fyrir að viðskipti með landbúnaðar- og fiskafurðir aukist á um það bil hálfum þeim hraða sem mældist á undanförunum áratug. Hreinn útflutningur mun hafa tilhneigingu til þess að aukast í löndum og heimshlutum þar sem landrými er mikið, ekki síst í löndum Ameríku. Lönd sem eru þéttbýl eða þar sem fólksfjölgun er mikil, einkum í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku, Afríku sunnan Sahara og Asíu munu sjá hreinan innflutning aukast.

Að því er varðar nánast allar landbúnaðarafurðir er gert ráð fyrir að útflutningur verði mestur frá lítt breyttum hópi mikilvægra framleiðslulanda. Ein breyting sem sker sig úr er þó innreið Rússneska sambandslýðveldisins og Úkraínu inn á heimsmarkaðinn með korn og er gert ráð fyrir að hún haldi áfram. Mikil samþjöppun á útflutningsmörkuðum kann að auka næmleika heimsmarkaðarins fyrir framboðsáfallum sem geta stafað af náttúrulegum aðstæðum eða stjórnsvaldsáðgerðum.

Sem grunnlínuspá er í horfunum í landbúnaði fyrir árin 2018-2027 gert ráð fyrir að núverandi áherslur í stefnumörkun stjórnvalda muni haldast óbreyttar. Auk þeirra áhættuþátta sem áhrif hafa á búvörumarkaði almennt verður nú vart við vaxandi óvissu um stefnu varðandi viðskipti með landbúnaðarafurðir og áhyggjur af möguleikanum á vaxandi tilhneigingu til verndarstefnu um heim allan. Viðskipti með landbúnaðarafurðir gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja fæðuöryggi, sem undirstrikar þörfina á því að viðhalda umhverfi frjálsslyndis í heimsviðskiptum.

## Mið Austurlönd og Norður Afríka

Í sérkafla útgáfu þessa árs er sjónum beint að Mið-Austurlöndum og Norður Afríku, þar sem aukin eftirspurn eftir matvælum og takmarkaðar land- og vatnsauðlindir valda því að lönd í þeim heimshlutum eru í auknum mæli háð innflutningi á undirstöðum matvælum. Í mörgum löndum er stórum hluta útflutningstekna varið í innflutning á matvöru. Fæðuöryggi er einnig ógnað af vopnuðum átökum og pólitískum óstöðugleika.

Gert er ráð fyrir að framleiðsla fisk- og landbúnaðarafurða muni aukast um u.þ.b. 1,5% á ári, aðallega vegna bættrar framleiðni. Stjórnvöld í þessum heimshluta fylgja stefnu um að styðja við framleiðslu og neyslu kornvöru, með þeim afleiðingum að á 65% ræktarlands er ræktað vatnsfrekt korn, einkum hveiti, en stór hluti hitaeyninga sem neytt er kemur úr hveiti. Gert er ráð fyrir að uppistaðan í mataræði verði áfram korn og sykur, en inntaka prótíns úr dýraafurðum verði lítil.

Önnur nálgun að því að tryggja fæðuöryggi væri að haga opinberri stefnumótun þannig að minni áhersla væri lögð á stuðning við kornrækt og meiri áhersla á þróun dreifbýlissvæða, minnkun fátæktar og stuðning við framleiðslu garðyrkjuafurða, sem skila meira virði. Breyting í þessa átt mundi einnig stuðla að fjölbreyttara og heilsusamlegra mataræði.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2018), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2018-2027*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/agr\_outlook-2018-en